

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanefndar.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 25 26. apríl 1944, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar vera til 1. okt. þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 4. september 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

um mat og flokkun á kartöflum.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, og sé einn tilnefndur af Grænmetisverzlun ríkisins, annar af Búnaðarfélagi Íslands og sá þriðji af Alþýðusambandi Íslands. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Verkefni nefndarinnar er:

- að ákveða verðskráningu samkvæmt 5. gr. laga nr. 31/1943 um verzlun með kartöflur o. fl.
- að hafa eftirlit með því að ákvæðum um flokkun á kartöflum sé fylgt og að veita leiðbeiningar um flokkunina.

2. gr.

Nefndin ræður matsmann í Reykjavík og á öðrum helztu markaðsstöðum á landinu, eftir því sem þörf krefur, og starfa þeir í umboði hennar. Þóknun til nefndarinnar og matsmanna ákveður ráðuneytið.

3. gr.

Allar innlendar kartöflur, sem seldar eru í verzlunum í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, skulu aðgreindar í þrjá flokka:

Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk. Heimilt er nefndinni, ef hún telur æskilegt, að fyrirskipa flokkun á öðrum markaðsstöðum, ef þess er óskað af framleiðendum eða neytendum þar.

4. gr.

Verzlunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Sé vafi á því, í hvaða flokki selja skuli kartöflur, skal leita um það úrskurðar hlutaðeigandi matsmanns, en selja þær ella sem II. flokks vöru. Allar kartöflur, sem seldar eru í matsöluverzlunum, skulu greinilega auðkenndar með merkjum á umbúðum eða á annan hátt, svo að auðsætt sé hvers flokks þær eru. Heiti tegundar (afbrigðis) skal tilgreint á úrvalsflokki og I. flokki.

Ákvæði þessi gilda þó aðeins á þeim stöðum, þar sem mat og flokkun á kartöflum er fyrirskipað.

Á tímabilinu frá því uppskera hefst og til 20. september ár hvert er heimilt að